

Föstudaginn 12. janúar 1968.

Nr. 9/1967. **Verzlanasambandið h/f**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Jóni Dan Jónssyni og
Halldóru Elíasdóttur og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. janúar 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr hendi þeirra óskipt í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 30. janúar 1967. Gera þeir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 805.473.60 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1960 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi var eigandi bifreiðarinnar R 3718. Samkvæmt gögnum málsins hafði hann fengið starfsmanni sínum, Gunnari Bergmann Axelssyni, sem ók bifreiðinni, er slysið varð, vörzlu bifreiðarinnar. Ákvæði 2. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 er rétt að skýra þannig, að það leysi eigi aðaláfrýjanda undan ábyrgð. Verður því þessi sýknuástæða aðaláfrýjanda ekki tekin til greina.

Vátryggingafélag það, sem hafði bifreiðina í ábyrgðartryggingu, innti af hendi greiðslur til gagnáfrýjanda eftir slysið. Samtals námu greiðslur þessar kr. 500.000.00 og fóru fram á tímabilinu 1960 til 23. apríl 1963, en þá voru greiddar kr. 402.692.00.

Við ákvörðun örorkubóta Jóns Dan Jónssonar verður að hafa í huga, að hann hefur haldið föstum launum sínum. Þá verður og við ákvörðun örorkubóta, þjáningabóta og lýta

að taka nokkurt tillit til þess, að gagnáfrýjendur fengu greiðslur tryggingafélagsins, þegar raungildi krónunnar var mun hærra en við uppkvaðningu þessa dóms. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum er rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Verzlanasambandið h/f, greiði gagnáfrýjendum, Jóni Dan Jónssyni og Halldóru Elíasdóttur, kr. 25.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 29. þ. m., hafa þau höfðað hjónin Jón Dan Jónsson og Halldóra Elíasdóttir, til heimilis að Melhaga 7 hér í borg, með stefnu, útgefinni hinn 22. september 1964, á hendur Verzlanasambandinu h/f hér í borg til greiðslu eftirstöðva skaðabóta að fjárhæð kr. 474.401.00 auk 7% ársvaxta frá 1. október 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Undir rekstri málsins hefur sú breyting verið gerð á kröfum stefnenda, að krafizt er nú, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 805.473.60 auk 7% ársvaxta frá 1. október 1960 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Af hálfu stefnda hefur verið samþykkt, að þessari breytingu á kröfum stefnenda verði komið að í málinu án framhaldsstefnu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnenda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati dómarans, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð stórlega eftir mati dómarans og málskostnaður verði látinn niður falla.

Samvinnutryggingar g. t. hafa látið sækja þing í málinu sem réttargæzlustefndi. Af hálfu félagsins eru engar kröfur gerðar, enda engar kröfur hafðar uppi á hendur því.

Málavextir eru þeir, að hinn 1. október 1960 var stefnandi

Jón Dan á leið frá Reykjavík í bifreið sinni, R 4189, og var eiginkona hans, stefnandinn Halldóra Elíasdóttir, með honum í bifreiðinni. Er Jón Dan hafði ekið nokkrar billengdir eftir Suðurlandsvegi frá vegamótum þess vegar og Vesturlandsvegur, varð árekstur milli bifreiðar hans og bifreiðarinnar R 3718, eign stefnda, er var á leið til Reykjavíkur. Löggæzlumenn voru kvaddir á vettvang. Tóku þeir skýrslur af ökumanni R 3718 og vitnum og gerðu uppdrátt af vettvangi. Við áreksturinn hlutu stefnendur málsins mikil meiðsl, og voru þau þegar eftir slysið flutt í slysavarðstofuna, en síðan í Landspítalann. Af því, sem fram er komið í málinu, er ljóst, að áreksturinn hefur orðið með þeim hætti, að er ökumaður R 3718 sveigði yfir á hægri vegarhelming til þess að geta ekið fram úr annarri bifreið, þá hefur hann ekið framan á bifreiðina R 4189, sem kom á móti á vinstri vegarhelmingi sínum. Á árekstrarstað fundu löggæzlumenn greinilegan áfengisþef úr vitum ökumanns R 3718, og við frekari yfirheyrslu viðurkenndi hann að hafa neytt áfengis um kl. 1130 þennan sama morgun. Við rannsókn fundust í blóði ökumannsins „reducerandi“ efni, er samsvara 1.88% af alkóhóli. Af hálfu ákærvaldsins var höfðað mál á hendur ökumanni R 3718 út af atburði þessum. Samkvæmt dómi í því máli, sem uppkveðinn var hinn 25. febrúar 1961, var ökumaðurinn talinn hafa gerzt brotlegur við ákvæði 219. gr. almennra hegningarlaga, 1. og 2. mgr. 24. gr., 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. 1. mgr. 45. gr., 2. og 3. mgr. 46. gr., 1. mgr. 47. gr., 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Var ökumaðurinn dæmdur í varðhald í þrjá mánuði og sviptur ökuréttindum ævilangt.

Þykir nú rétt að rekja sjúkrasögu stefnenda, örorkumöt og tjónsútreikninga, sem á þeim eru byggðir.

Eins og áður er fram komið, var stefnandinn Halldóra fljótlega eftir slysið flutt í Landspítalann. Um dvölinna þar og aðgerðir, sem framkvæmdar voru, segir svo í vottorði Hjalta Þórarinsson yfirlæknis, dags. hinn 21. febrúar 1961:

„Svo var frá skýrt, að sjúklingurinn hefði lent í bílslysi um einni klst. fyrir komuna á sjúkrahúsið. Sjúklingurinn hafði kastazt út við áreksturinn. Sjúklingurinn var fyrst flutt á Slysavarðstofuna, en hafði þar skamma viðdvöl og kom þaðan hingað á handlæknisdeildina. Sjúklingur missti meðvitund við slysið og man fyrst eftir sér, þegar verið var að setja hana í sjúkrakörfuna á slysstaðnum. Hún man vel það, sem skeði eftir það.

Við komuna á handlæknisdeildina hafði sjúklingur fulla meðvitund og var ekki í losti (shocki). Blóðþrýstingur 125/75 og púls 80, reglulegur og sæmilega kröftugur. Sjúklingur kvartaði um mikla verki í h. nára og h. fæti og gat ekki hreyft h. ganglim. Tæplega einseyrings stórt sár framan á h. fótlegg og talsvert storkið blóð á húðinni þar í kring. Það voru sjáanleg missmíði á h. fótlegg, þannig að um brot væri að ræða, og hefur væntanlega beinendi stungizt út þar, sem sárið var. Smá skurður framan við h. eyra og húðin talsvert blóðug þar í kring. Einnig hafði sjúklingur marizt á hnakka, og var talsverð blæðing þar undir húðina. Nokkurt mar og húðhrúfl á hægri olnboga og hægri handarbaki. Allmikið mar ofarlega á hægri læri og mikil eymsli í hægri nára. Talsverð fyrirferðaraukning á hægri fótlegg og hægri ökkla.

Rtg.myndir, teknar strax eftir komu sjúklings á deildina, sýndu brot á mjaðmargrind h. megin (fractura ossis pubis), brot á mótum mið og efri þriðjungs h. fótleggjar og beinendar gengnir allmikið á misvíxl og nokkrar beinflísar brotnar frá (fractura cruris dx. comminuta et complicata). Einnig sýndu rtg.myndir brot um h. ökkla innanverðan (fractura malleoli medialis dx.).

Mjög fljótt eftir komuna á sjúkrahúsið voru brotin lagfærð og spengd í svæfingu.

Aðgerðin var gerð strax vegna þess, að um opið brot var að ræða og þar sem maður taldi fyllilega réttlætánlegt að svæfa sjúkling strax, þar sem um hafði verið að ræða aðeins vægan heilahristing (commotio cerebri 1. gr.).

Gipsumbúðir voru lagðar á hægri ganglim, og lá sjúkl. í þeim í 3 mánuði, eða fram til 29. 12. '60. Rtg.myndir, sem þá voru teknar, sýndu, að lega brotanna (situs) var ágæt, og virtist greinilega um eðlil. nýmyndun beins (callus) að ræða, og var því álitid, að brotin væru vel gróin, enda mæltu aðrar rannsóknir með því, að svo væri. Sjúkl. var látin fara að æfa fótinn, og fór hún fljótt að ganga um með hjálp af tveim hækjum. Sjúkl. var útskrifuð af deildinni þ. 9. 1. '61 og hefur síðan verið heima og smá aukið fótaferðina, og virðist hafa verið um eðlilega framför að ræða“.

Hinn 31. janúar 1963 mat Þórarinn Sveinsson læknir örorku frú Halldóru af völdum slyssins. Auk þess sem rakið er efni vottorðs Hjalta Þórarinssonar yfirlæknis um ástand og meiðsli frú Halldóru, segir svo í örorkumati læknisins:

„... Slasaða var svo í gibsumbúðum til 22. des. 1960, fékk þá

að rölta um við hækjur. Var látin fara úr sjúkrahúsinu þann 9. jan. 1961. Eftir að heim kom, segist hún hafa verið mest við rúmið fyrst í stað. Fór svo fljótlega að rölta um við staf, er hún segist hafa notað um 2—3 mánaða skeið. Bati hafi svo komið hægt og hægt. Við skoðun í dag kvartar konan helzt um bjúg í fætinum og þreytu í öllum ganglimnum við meiri háttar göngur og stöður, en þó einna mest um ökkla og þá við vissar hreyfingar. Segir: „Naglinn meiðir mig“. Hún segist ekkert finna til í baki eða mjöðmum og svefn, melting og þvaglát eðlileg.

Skoðun: Frekar feitlagin kona, er nokkuð treg í frásögn og allri framsetningu. Hún telur sjón og heyrn svipaða og fyrir slysið. Ekki sjást missmíði á andliti eða höfði, segist hún þó hafa skrámast á enni, en þess eru engin merki. Við almenna skoðun var ekkert að finna athugavert við upplimi, brjóst eða bol. Blóðþrýstingurinn mældist 160/90. Hjartahljóð voru hrein. Hreyfingar í mjaðmaliðum voru eðlilegar.

Hægri ganglimur: Allur hægri ganglimur, upp fyrir hnéliðinn, er 1—2 cm gildari en vinstri ganglimur. Framan á h. fótlegg er bogadregið, vel gróið ör, er mælist 13 cm langt. Við þreyfingu á svæðinu þar undan finnast smá ójöfnur á beinkantinum á sköflungnum, en annars verða engin missmíði greind við þuklun á brotstaðnum. Við þuklun á brotstaðnum á ökkla verða ekki heldur greind missmíði. Engin stytting er mælanleg á ganglimnum og hreyfingarhindranir eru engar í ökkla- eða hnélið.

Við athugun á röntgenmyndunum sést, að málmspöng með sex skrúfum hefur verið notuð til að festa brotinu á sköflungnum saman, og fer það svo vel, að bein stefna er á leggnum. Sperrileggurinn er hins vegar lítillaga sveigður frá, en það brot er vel gróið. Ein skrúfa hefur verið sett í brotið um ökkla, og fellur það svo vel, að vart er greinanleg brotalöm, þegar að er gætt.

Ályktun: Um er að ræða meiðsli, er urðu við bílslys.

Þau voru:

1. Brot á mjaðmargrind (lífbeini h. megin).
2. Fótleggjabrot, báðar pípur h. megin.
3. Ökklabrot, innri gaffalhnjótur (malleolus Medicalis) h. megin.
4. Mar á höfði og skrámur hér og þar.

Eftir vel heppnaðar skurðaðgerðir á beinbrotum fótarsins hefur bati orðið með eðlilegum hætti. Útlit er fyrir, að framhald geti orðið á því, frá því sem nú er.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 4 mán. fyrst eftir slysið	100% örorka	
— 1 — þar á eftir	75%	—
— 1 — — - —	60%	—
— 1 — — - —	50%	—
— 2 — — - —	35%	—
— 2 — — - —	30%	—
— 3 — — - —	25%	—
— 4 — — - —	15%	—

Úr því 10% örorka um 1 árs skeið og 5% örorka í eitt ár til viðbótar. Er þá ekki útlit fyrir, að um örorku ætti að vera að ræða vegna brotsins. Aftur á móti verður slasaða að fá bætur fyrir þá örorku, sem kynni að leiða af því, að taka þyrfti skrófuna úr ökklanum eða spöngina á leggnum, sem þó má telja litlar líkur til, svo vel sem hún fer“.

Snemma á árinu 1963 var aflað nýs vottorðs Hjalta Þórarinsonar um ástand frú Halldóru. Er það dagsett hinn 12. febrúar 1963. Auk þess, sem efni hins fyrra vottorðs er rakið í þessu nýja vottorði, segir þar svo:

„... Það, sem rannsóknir leiddu í ljós, var því eftirfarandi:

I Heilahristingur á lágu stigi (commotio cerebri 1. gr.).

II Opið brot á hægri fótlegg (fractura cruris dx. comminuta et complicata).

III Brot um hægri ökkla (fractura malleoli medialis dx.).

IV Brot á mjaðmargrind (fractura ossis pubis dx.).

V Húðhrúfl og mar á fjölmörgum stöðum (abrasiones et contusiones variae).

... Þann tíma, sem sjúklingur lá hér á deildinni, kvartaði hún öðru hverju um allslæman verk í augum og framantil í höfði. Hún hafði nokkurn hita í 3 vikur fyrst í legunni, en eftir það var hún hitalaus, og engir sérstakir fylgikvillar komu eftir aðgerðina.

Sjúklingur var algerlega óvinnufær til júníloka 1961, en þá fór hún að vinna létt hússtörf. Hún telur sig þá hafa átt erfitt með verkin fram í lok desember 1961, og getur maður ekki talið það óeðlilegt eftir svona mikla áverka.

Við rannsókn þann 23. júlí 1962 kom í ljós eftirfarandi:

Vel gróið 13 cm langt bogadregið ör framan á hægri fótlegg og annað vel gróið þriggja cm langt ör undir neðri enda hægri sköflungs innanverðum. Svolítill bjúgur (oedem) framan á hægri

fótlegg, og reyndist ummál hans einum cm meiri en vinstra megin. Húðlitur eðlilegur svo og húðskyn. Svolítil eymsli eru á stærra örinu, þar sem málmspöngin situr undir. Hreyfingar í ökkjalið og hnélið sársaukalausar og óhindraðar. Gangur eðlilegur. Grófir kraftar og vöðvaviðbrögð eðlileg. Röntgenmyndir, teknar alllöngu eftir að sjúklingur var tekinn úr gipsinu, sýndu ágæta legu á brotstöðunum og góða nýmyndun beins, og virtust brotin því vel gróin.

Fyrirhugað er, að sjúklingur leggist inn á sjúkrahús í náinni framtíð til að láta fjarlægja málmspöngina og skrúfuna, og verður hún óvinnfær að minnsta kosti 3—4 vikur eftir þá aðgerð.

Ekki er útlit fyrir, að sjúklingur hljóti nein varanleg lýti (að undanskildum örunum) né örkuml eftir þessa áverka. Varðandi það, hvort einhverjar eftirstöðvar eru eða verða eftir heilahristinginn, væri æskilegast og raunar sjálfsagt að fá umsögn sérfræðings í taugasjúkdómum“.

Af því tilefni fór lögmaður stefnenda þess á leit við lækinn, að hann tæki til athugunar, hvort ástæða væri til að breyta örorkumatinu eða auka við það með hliðsjón af því, sem fram kom í hinu síðara vottorði. Ekki taldi læknirinn forsendur fyrir því að svo komnu máli að breyta matsgerðinni þrátt fyrir hið nýja vottorð, en kvaðst fús til að taka mat sitt til endurskoðunar, ef vottorð bærist frá sérfræðingi í taugasjúkdómum varðandi Halldóru. Slíkt vottorð hefur ekki komið fram í málinu. Hinn 6. marz 1963 samdi Guðjón Hansen tryggingafræðingur örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Halldóru. Um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins:

„... Halldóra Elíasdóttir er sögð fædd 16. júlí 1925 og hefur samkvæmt því verið 35 ára að aldri, er hún varð fyrir slysinu. Hún mun ekki hafa starfað utan heimilis undanfarin ár, en er húsmóðir á allstóru heimili (samkvæmt íbúaskrá 1960 er þá um að ræða eiginmann og þrjú börn, fædd 1944, 1947 og 1951, og samkvæmt upplýsingum yðar eru börnin nú fjögur).

Þegar meta skal húsmóðurstörf til fjár, er venja að miða við tekjur ráðskvenna á heimilum. Þar eð ekki er um neina umsamda kauptaxta að ræða á þessu sviði, er stuðzt við upplýsingar frá Ráðningarstofu Reykjavíkurborgar og jafnframt höfð hliðsjón af skattmati við áætlun verðgildis fæðis og húsnæðis. Ráðn-

ingarstofan annast ekki samningsgerð og hefur því ófullkomna vitneskju um kaupgreiðslur.

Á árinu 1961, um mitt ár, fékk ég þær upplýsingar hjá ráðn-ingarstofunni, að kaup ráðskvenna mundi þá um alllangt skeið hafa numið kr. 2.000.00—3.000.00 á mánuði auk fæðis og húsnæðis, og nú er mér tjáð, að um lægra kaup en kr. 3.000.00 á mánuði sé ekki að ræða, þótt á fámennu heimili sé. Fæði var metið til skatts á kr. 21.00 á dag árið 1960, en á kr. 24.00 á dag 1961 og 1962. Húsnæði er metið á kr. 1.500.00 á ári, og hefur sú fjárhæð haldizt óbreytt í mörg ár. Er ljóst, að skattmatið verður að teljast mjög lágt.

Með hliðsjón af framanrituðu tel ég, að ekki megi reikna ráðskonu á fámennu heimili lægri vinnutekjur en kr. 35.000.00 á ári fyrsta árið eftir slysið og nemi tilsvarendi árstekjur nú kr. 45.000.00. Með tilliti til heimilisstærðar virðist þá ekki óeðlilegt að reikna frú Halldóru kr. 40—45 þús. á ári um það leyti, er slysið varð, og hef ég því miðað við eftirfarandi árstekjur:

	a)	b)
Fyrsta árið eftir slysið	kr. 40.000.00	kr. 45.000.00
Október 1961—desember 1962	— 46.000.00	— 52.000.00
Frá ársbyrjun 1963	— 55.000.00	— 62.000.00

Miðað við ofangreindar tekjur og orkutap það um 3½ árs skeið, sem tilgreint er í örorkumatsgerðinni, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Miðað við tekjur samkvæmt a-lið kr. 33.970.00

Miðað við tekjur samkvæmt b-lið — 38.262.00

Reiknað er með 7% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra kvenna 1941—1950“.

Með bréfi, dags. hinn 21. marz 1963, krafði lögmaður stefnenda vétryggjanda bifreiðarinnar, Samvinnutryggingar g. t., um bæt看ur til handa stefnandanum Halldóru fyrir tjón hennar af völdum slyssins. Var krafan sundurliðuð þannig: örorkutjón, kr. 38.262.00, kostnaður við læknisvottorð og skoðun, kr. 2.400.00, bæt看ur fyrir óþægindi og lýti, kr. 50.000.00. Nam krafan því samtals kr. 90.662.00 auk 8% ársvaxta frá 1. október 1960 til greiðsludags og innheimtulauna. Í kröfubréfinu var gerður fyrirvari, að því er varðar afleiðingar höfuðhöggsins og vinnutaps, sem af því kynni að leiða, að málmspöng og skrífa í fótlegg Halldóru verði fjarlægð, enda sé ekki tekið tillit til þessara atriða í kröfugerðinni.

Stefnandinn Jón Dan Jónsson var einnig fluttur í Landspítalann fljótlega eftir slysið. Um dvölinna þar og aðgerðir þær, sem gerðar voru, segir svo í umsögn prófessors Snorra Hallgrímssonar, dags. hinn 21. febrúar 1961:

„... Við komuna upplýstist, að sjúkl. hafði misst meðvitund við slysið og mundi ekkert eftir sér, fyrr en komið var niður á Slysavarðstofu. Við komuna hingað var hann með fulla meðvitund, en virtist þó vera lítið eitt ruglaður og átti erfitt með að gera grein fyrir sínu fyrra heilsufari. Hann var fölnur í andliti, en ekki í áberandi losti. Hann kastaði upp skömmu eftir komuna. Skurður var yfir hægri augnbrún, brot á nefbeinum með nokkra skekkju á nefi, og hann bar þess merki, að blætt hafði úr nösnum. Þá reyndist hann vera með brotið hægra læri svo og brot á hægri fótlegg og sperrilegg. Greinilegt var, að sjúkl. hafði hlotið meiri háttar höfuðáverka, og þótt hann hefði ekki einkenni um meiri háttar áverka á heila, þótti þó ráðlegt að fresta aðgerðum vegna beinbrotanna, þar til hann væri búinn að jafna sig. Þar eð engin frekari einkenni um meiri háttar heilaáverka komu í ljós, var þrem dögum síðar, eða 4. 10. '60, gert að beinbrotunum. Hægri lærleggur var brotinn á mótum efsta og mið-þriðjungs, og var um langt skábrot að ræða, og höfðu beinendar farið mjög úr skorðum og tætt sundur vöðvana í kringum brotið. Þá hafði stór flaski losnað úr öðrum beinendanum. Brotið var lagfært með skurðaðgerð og beinendar festir saman með mergnagla, sem rekinn var niður í gegnum efri enda lærbeinsins og niður undir hné. Þá var og brotið á sköflungnum lagfært með skurðaðgerð. Sköflungurinn er mölbrotinn rétt fyrir neðan miðju og beinendar allmikið úr lagi færðir. Sperrileggur er brotinn nokkru ofar. Eftir að brotið á sköflungnum hefur verið lagfært, eru brotendarnir festir með mergnagla, sem rekinn er niður í gegnum efri enda sköflungsins og niður undir ökkalið. Sjúkl. hafði misst mikið blóð í sambandi við brotin, og var honum því gefið blóð, á meðan á skurðaðgerð stóð og síðar.

Sárin eftir skurðaðgerðirnar greru eðlilega, en nokkru eftir aðgerðina fékk sjúkl. æðabólgu í hægri fót og fékk því langvarandi meðalameðferð þess vegna. Hann vistaðist á sjúkrahúsinu til 9. 1. '61, en var þá látinn fara heim, en þannig, að hann notaði hækjur og sté ekki í fótinn. Brotið á sköflungnum virtist gróið, en ekki var talið öruggt, að brotið á lærleggnum væri gróið. Nokkru eftir heimkomuna fór hann að fá aukna verki í hægri lærlegg, og bendir það eindregið til þess, að brotið á lærleggnum

sé ekki fyllilega gróíð. Hann hefur því verið látinn liggja í rúminu undanfarnar vikur og ákveðið að láta hann liggja þannig í hálfsmánaðartíma enn. Ef brotið þá reynist enn vera ógróíð, er fyrirhugað að spengja það með beini“.

Hinn 30. maí 1962 lét prófessorinn í té frekari umsögn um ástand stefnandans Jóns Dan. Segir þar svo:

„... Hvað snertir ástand Jóns fyrst eftir slysið og aðgerðir þar að lútandi, vísast til umsagnar minnar, dags. 21. 2. 1961, en henni til viðbótar má geta þess, að auk áverka þeirra, sem þar voru greindir og sem í ljós komu strax við komuna, var mar á hægri olnboga og mar á ölnartauginni. Enn fremur virtist höfuðkúpubotn brotinn í gegnum cellulæ ethmoidalis. Þá var og skráma á vinstra hné og mar á utanverðu vinstra læri.

Eins og getið er um í fyrrgreindri umsögn, virtist brotið á h. lærlegg gróa óeðlilega seint. Hann var því að nýju tekinn á IV. deild Landspítalans 6. 5. 1961 í þeim tilgangi að spengja lærbeinsbrotið með beini. Við nánari athugun kom þá í ljós, að brotið var farið að festast og því horfið frá aðgerð. Jón var þá látinn fara af sjúkrahúsinu 10. s. m.

Hann hætti að nota hækjur, er hann fór af sjúkrahúsinu, en notaði eftir það tvo stafi í 3 mánuði og síðan einn staf þar til í febrúar s.l.

Eftir heimkomuna í janúar 1961 hafði Jón mikil óþægindi í h. læri, aðallega sársauka við áreynslu, en einnig verk, þótt hann lægi fyrir. Þessi óþægindi, sem eflaust hafa stafað af því, að brotið var ekki fyllilega gróíð, fóru ört minnkandi vorið 1961 og hurfu síðan alveg, en þá fóru óþægindi frá Küntscher-naglaend-anum í h. mjöðm að gera vart við sig. Naglinn var því fjarlægður með skurðaðgerð á IV. deild Landspítalans 13. 4. 1962.

Fyrsta hálfu árið eftir slysið hafði Jón óþægilegan dofa í IV. og V. fingri hægri handar svo og verk upp eftir handleggnum. Þessi dofi hvarf síðan svo og verkurinn, en tók sig svo upp að nýju í sambandi við skurðaðgerð í apríl s.l., þegar Küntscher-naglinn var fjarlægður.

Eftir að Jón fór að hreyfa sig meira s.l. vor, fór hann að fá óþægindi í vinstra hné, aðallega sársauka í innanverðu hné við hreyfingu og verk í hnéð eftir áreynslu. Þessi óþægindi minnk-uðu verulega við codelcortone inndælingar í liðinn, en hann finnur þó fyrir þeim enn.

Jón telur sig hafa tapað sjón í sambandi við slysið. Hann notaði ekki gleraugu við lestur fyrir slysið, en þegar hann ætlaði að

byrja að lesa að nýju um 6 vikum eftir slysið, gat hann ekki greint venjulegt letur án gleraugna. Þá telur Jón, að hann hafi ekki náð sér að fullu eftir slysið, hvað almenna heilsu snertir. Honum finnst hann vera gleymnari, seinni að hugsa og áhuga-minni en áður.

Auk þessa síðastnefnda telur Jón sig í dag hafa eftirfarandi óþægindi útfra slysinu:

Áberandi holti á h. fæti, þegar hann gengur berfættur, en heltin er mjög lítið áberandi, þegar hann gengur í skóm með 2ja cm hækkun undir h. hæl. Við verulega áreynslu þreytist hann í hægri kálfa og hefur þá verki í kálfanum á eftir. Þá hefur hann allveruleg óþægindi í v. hné, sem gerir honum erfitt fyrir um gang nema tiltölulega takmarkaða vegalengd í einu. Þá hefur hann, eins og að framan greinir, dofa í IV. og V. fingri h. handar, og hann telur, að kraftur í h. hendi sé verulega minnk-aður og þá sérstaklega í IV. og V. fingri, en einnig í II. og III. Af þeim sökum getur hann ekki skrifað á ritvél eða unnið með bókhaldsvélar á venjulegan hátt, notar aðallega vinstri hönd og aðeins löngutöng og þumalfingur á h. hendi.

Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós:

Lítið eitt haltur á h. fæti, er hann gengur í skóm með 2ja cm hækkun undir h. hæl, en áberandi haltur berfættur.

Á utanverðri h. mjöðm er vel gróið 11 cm langt ör eftir skurð-aðgerð. Annað á utanverðu læri, 13 cm langt. Þá er stutt ör neðan til við hné að framan og 8 cm langt ör framan á fótlegg neðan til.

Stytting á h. ganglim mælist 3 cm. Læri mælast jafngild, en hægri kálfi tæpum cm gildari en vinstri, og stafar það frá æða-bólgunni, sem kom í h. ganglim eftir slysið. Allur hægri gang-limur er lítið eitt þrúttinn fyrir neðan hné.

Liðhreyfing er takmörkuð í h. hné, þannig að beyging er rúm-lega 90°, og vantar þá um 60° upp á fulla beygingu miðað við það vinstra. Hreyfing í h. mjaðmarlið er einnig áberandi tak-mörkuð.

Beyging í hægri mjaðmarlið að 60° í vinstri að 60°			
Sveigja út á við (abd.)	—	30°	— 45°
Sveigja inn á við (add.)	—	45°	— 45°
Snúningur út á við hægri		60°	vinstri 45°
Rétting aftur á við	—	30°	— 30°
Snúningur inn á við		0°	— 40°

Vinstra hné lítur eðlilega út, og engin bólga eða stirðleiki er í því nú. Hins vegar er mikið marr í liðnum við hreyfingar og þá sérstaklega í hnéskeljarliðnum.

Hægri handlimur: Áberandi rýrnun á miðhandarvöðvum í greip og milli IV. og V. miðhandarbeins. Þá er áberandi lömun á vöðvunum, sem stjórnað er af nervus ulnaris, og hafa þeir vöðvar vart meir en einn þriðja eðlilegs krafts miðað við vinstri hönd. Ummál upphandleggja mælist hið sama báðum megin svo og ummál framhandleggja. Þar eð Jón er réttthentur, gefur það til kynna nokkra rýrnun á h. handlim. Þá er truflun á snerti og sársaukaskyni á hálfum IV. og öllum V. fingri svo og upp eftir hypothenor upp á úlnlið.

Nokkur skekkja er á nefi með sveigju yfir til vinstri, en sú skekkja mun hafa verið til staðar fyrir slysið. Þá er nokkur truflun á snertiskyni á nefbroddi og framan á miðsnesi.

Röntgenskoðun á hægri lærlegg 12. 4. 1962 sýnir, að brotið er vel gróið, en nokkur sveigja er á brotstaðnum, og orsakar hún varusstellingu á lærleggshálsinum. Hornið milli lærleggsháls og lærleggs er um 105° . Küntscher nagli liggur eftir mergholi lærleggsins, og hefur beinhröngl myndast umhverfis naglann á mjaðmarhnútunni. Naglinn hefur nú verið fjarlægður.

Brotið á h. fótlegg er einnig gróið í góðri stellingu, en Küntscher naglinn, sem rekinn var niður eftir mergholi í gegnum tuberositas tibiae, er enn á sínum stað. Þar eð hann veldur engum óþægindum, en hins vegar allmikil aðgerð að fjarlægja hann, er ákveðið að láta hann vera.

Röntgenmyndir af vinstra hné, teknar 20. 12. 1961, sýna smáskarð í afturbrún innra liðflatar á sköflungi. Hugsanlegt er, að hér hafi verið sprunga í beinið, en myndir voru ekki teknar af hnénu strax eftir slysið og því ekki hægt að fullyrða neitt um það.

Þeir áverkar, sem Jón hlaut við slysið, voru sem hér segir:

1. Brot á aftanverðum h. lærlegg. Um langt skábrot var að ræða og brotendar mjög úr lagi færðir.
2. Brot á h. sköflung og sperrilegg. Sköflungurinn var mölbrotinn (fractura comminuta), en sperrileggur tvíbrotinn.
3. Mar á ölnartaug h. megin og sár á olnboga.
4. Brot á haus kúpubotni.
5. Heilahristingur.
6. Skrámur á v. hné.
7. Brot á nefbeinum

Nokkru eftir slysið fékk Jón æðabólgu í hægri ganglim og blóðtappa í hægri lunga, og er hvort tveggja afleiðing áverkanna.

Varanlegar afleiðingar ofangreindra áverka eru eftirfarandi:

1. Styttling á h. ganglim, og nemur sú styttling 3 cm.
2. Skekkja á efri enda h. lærleggs, sem orsakar varusskekkju á lærleggshálsi og nokkrum snúningi út á við á neðri hluta lærleggsins.
3. Hreyfingarhindrun í h. mjaðmarlið. Sá stirðleiki orsakast af skekkjunni á lærleggshálsinum, en hún veldur jafnframt breyttri afstöðu lærleggshöfuðs til liðskálar og því hætta á óeðlilegu sliti í h. mjaðmarlið, þegar tímar líða. Þá er einnig áberandi stirðleiki í h. hné, sem sennilega orsakast bæði af sköddun á liðnum í sambandi við slysið svo og af hinni löngu kyrrsetningu (immobilisatio) á ganglimnum, meðan brotin voru að gróa. Hætt er við óeðlilegu sliti einnig í þessum lið með tímanum.
4. Sköddun á v. hnélið. Ekki er hægt að svo stöddu að gera sér grein fyrir því, hve mikil sú sköddun er. Röntgenskoðun sýnir ekkert athugavert, og við skoðun nú finnst ekki annað en mjög mikið marr undir hnéskei við hreyfingar. Sennilegast er, að liðbrjóska hafi skaddast, og má því búast við óeðlilegum slitbreytingum í liðnum fyrr en ella.
5. Blóðrásartruflun í hægri ganglim eftir æðabólgu. Þótt ganglimurinn beri svo til engin merki um æðabólguna nú, þá eru engar líkur til þess, að hún hafi ekki skilið eftir sig varanlega sköddun á djúpum bláæðum í kálfa og læri. Hætt er því við blóðrásartruflunum síðar meir og þá sérstaklega, verði hann fyrir áverkum eða gangi undir skurðaðgerðir.
6. Mar á ölnartaug með lömum á hlutaðeigandi vöðvum og truflun á húðskyni. Líklegt er, að taugin nái sér aftur að einhverju leyti.
7. Afleiðingar höfuðáverkans og hins mikla áverka í heild: sjón-depra, minnisleysi og minnkaður andlegur þróttur“.

Á grundvelli þeim, sem fram kemur í umsögnum þessum, mat prófessor Snorri Hallgrímsson hinn 29. júní 1962 örorku stefnandans Jóns Dan af völdum slyssins. Er niðurstaða örorkumatsins svohljóðandi:

„Orkutap Jóns af völdum slyssins telst hæfilega metið sem hér segir: Frá 1. 10. 1960—1. 3. 1961 100%. Frá 1. 3. 1961—1. 6. 1961 80%. Frá 1. 6. 1961—1. 6. 1962 50% og frá 1. 6. 1962 30%.

Varanlegt orkutap Jóns af völdum slyssins telst hæfilega metið 30%, og er þá eingöngu tekið tillit til atriða þeirra, er um getur í lið 1—7 í lokaorðum umsagnar minnar, dagsettri 30. 5. '62“.

Á grundvelli þessa örorkumats gerði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Jón Dan. Um grundvöll matsins og niðurstöðu segir að öðru leyti svo í bréfi tryggingafræðingsins, dags. hinn 30. ágúst 1962:

„Fyrir liggja ljósmyndir af framtölum Jóns Dan frá árunum 1957—61. Samkvæmt þeim hafa vinnutekjur hans á árunum 1956—60 verið þær, sem sýndar eru í töflu 2. Þar er einnig sýnd sundurliðun vinnuteknanna í föst laun og tekjur af yfirvinnu og aukastörfum og hve margir hundraðshlutar þær voru hvert ár um sig af heildarvinnutekjunum. Sundurliðunin er byggð á framtölunum og bréfi ríkisbókhaldsins, dagsettu 22. ágúst 1962.

Tafla 2.

Ár	Föst laun	Yfirv. og aukastörf	Samtals	Yfirv. og auka- störf í % af heildarvinnutekj.
1956	kr. 66.370.00	kr. 9.287.00	kr. 75.657.00	12.3%
1957	— 68.292.00	— 25.982.70	— 94.274.70	27.6%
1958	— 73.520.72	— 19.000.00	— 92.520.72	20.5%
1959	— 93.509.97	— 13.928.04	— 107.438.01	13.0%
1960	— 92.323.00	— 32.814.30	— 125.137.30	26.2%

Taflan sýnir, að föstu launin hækka mikið 1959. Það stafar af því, að í byrjun þess árs tekur Jón Dan við starfi ríkisféhirðis. Við það hækka laun hans úr VII. launaflokki í IV. flokk. Enn fremur sést á töflunni, að þau 6 ár, sem hún nær yfir, hafa tekjur af yfirvinnu og aukastörfum til jafnaðar numið um 20% af heildarvinnutekjunum.

Á árinu 1960 skertust föst laun Jóns Dan ekki af völdum slyssins. Hins vegar getur verið, að tekjur af yfirvinnu og aukastörfum hafi skerzt lítið eitt. En varla getur það verið nema smávægilegt, því að þær eru að mestu leyti fyrir rithöfundarstörf, en þau eru yfirleitt unnin, allöngu áður en tekjurnar af þeim koma inn.

Jón Dan hélt fullum launum í 6 mánuði og hálfum launum í þrjá mánuði og eina viku, en að þeim tíma liðnum tók hann aftur við starfi ríkisféhirðis og hefur gegnt því síðan. Af föstum

launum hefur hann því aðeins tapað kr. 12.634.78 vegna slyssins, þ. e. hálfum launum í þrjá mánuði og eina viku, sbr. bréf ríkisbókhaldsins frá 22/8 1962.

Þar sem Jón Dan heldur föstum launum ríkisféhirðis þrátt fyrir 30% örorku, og tekjur hans af öðrum störfum og yfirvinnu námu til jafnaðar aðeins 20% af heildarvinnutekjum hans næstu árin fyrir slysið, virðist mér augljóst, að slysið skerði ekki vinnutekjur hans í beinu hlutfalli við það, sem örorkan eftir slysið er metin, heldur minna. Hins vegar sýnist mér ekki fjarri lagi að ætla, að það sé svo mikið erfiði fyrir 30% öryrkja að gegna störfum ríkisféhirðis, að hann geti ekki aflað sér frekari vinnutekna með aukastörfum eða yfirvinnu. Gæti því verið um það að ræða, að Jón Dan tapi af völdum slyssins auk þess hluta af föstum launum, sem áður er nefndur, tekjunum af aukastörfum og yfirvinnu.

Ef miðað er við tekjur hans af þessum störfum á árunum 1956—60 og gert ráð fyrir, að þær hefðu hækkað eftir sömu reglum og laun opinberra starfsmanna, má ætla, að þær hefðu numið

21.518 kr. á fyrsta ári eftir slysið

23.986 kr. á öðru ári eftir slysið

og 24.618 kr. árlega eftir það.

Sé nú reiknað með, að þessar vinnutekjur tapist af völdum slyssins, er verðmæti þess taps kr. 261.177.00 miðað við slysdag. Þar við ber svo að bæta áðurgreindu beinu tapi á föstum vinnutekjum, kr. 12.634.78.

Við framangreinda útreikninga eru notaðir 7% vextir p. a., dánarlíkur ísl. karla eftir reynslu á árunum 1941—50 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Opinber gjöld hafa ekki verið dregin frá vinnutekjum.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, að það hlýtur að vera mikið erfiði fyrir 30% öryrkja að gegna starfi ríkisféhirðis. Þarf að taka sérstakt tillit til þess við ákvörðun þjáningarbóta. Í því sambandi vil ég einnig benda á, að ef til vill hefði verið rétt að fá örorkumat, sem væri sérstaklega miðað við starf ríkisféhirðis. Með því móti yrði auðveldara að gera sér grein fyrir, hvort ástæða sé til að óttast, að hann geti ekki gegnt starfi ríkisféhirðis til frambúðar“.

Kjartan R. Guðmundsson læknir, sérfræðingur í taugasjúkdómum, rannsakaði nú stefnandann. Í umsögn læknisins, dags. 21. janúar 1963, segir svo:

„... Kvartanir sjúklings eru frá neurologiskju sjónarmiði: 1) Einkenni frá h. ulnartaug, sem lýsa sér með rýrnun, máttleysi og truflun á húðskyni. 2) Einkenni, sem stafa frá höfuðáverka og lýsa sér með sljóleika, minnisleysi og áhugaleysi. Enn fremur segist hann hafa tapað sjón við slysið, og það er verkur í h. fæti, sem stafar af styttingu hans. Það hefur ekki verið höfuðverkur eða svimi og aldrei flog eða yfirlið. Hann hafði verið hraustur fyrir slysið.

Skoðun: Eðlilegur í framkomu. Fremur þreytulegur. Nef er dálítið skekkt til h. Höfuð eymslalaust. Heilataugar: 1) Finnur lykt með báðum nösnum, en betur með v. 2) Augnbotnar eðlilegir. Sjónsvið eðlilegt. Sjón ekki prófuð. 3, 4 og 6) Ljósop jöfn og hringlaga og svara eðlilega. Augnhreyfingar eðlilegar og ekki nystagmus. 5) Minnkað húðskyn á miðsnesi og efri vör. Annars eðlileg. 7) Engin andlitslöm. 8) Heyrn góð. 9, 10, 11 og 12) Eðlilegar.

Útlímur: Mikil rýrnun á h. hypothernar og add. pollicis. Mjög mikil rýrnun á interosseus vol. og dorsalis 1, sem eru að mestu horfnir. Nokkur rýrnun á interossei og lumbricales 5 og 4. Það er mikið máttleysi í þessum vöðvum. Sem enginn kraftur í inteoss. vol. og dors. 1 og varla hálfur kraftur í öðrum vöðvum. Það er einnig varla meira en hálfur kraftur í flexor dig. profundus dig. 5 og 4 og flexor carpi ulnaris. Það sést ör á h. olnboga rétt neðan við sulcus n. ulnaris. Viðbrögð eru eðlileg. Húðskyn er minnkað á h. litla fingri.

Álit: Sjúklingur hefur einkenni eftir heilahristing. Það er vafasamt, hvort hann fær meiri bata af þeim. Hann hefur enn fremur einkenni eftir mar á h. ulnartaug, og er höndin mjög böguð af því. Einkum er grip handarinnar lélegt vegna minnkaðs kraftar í add. poll. Það er mjög hæpið, að hann batni meira. Einkum virðist vonlaust, að interosseus vol. og dorsalis 1 batni nokkuð. Hann hefur þó verið sendur í æfingar til reynslu í 2 mánuði“.

Er hér var komið, rannsakaði Snorri Hallgrímsson prófessor stefnandann Jón Dan að nýju. Í umsögn sinni, dags. 25. febrúar 1963, kveður prófessorinn ástand Jóns Dan ekki að neinu verulegu breytt frá því, sem lýst er í umsögn hans frá 30. maí 1962, og kveður skoðun sína á örorkutapi stefnandans af völdum slyssins því vera hina sömu og skýrt sé frá í bréfi hans frá 29. júní 1962.

Hinn 25. marz 1963 gerði K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur nýjan örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Jón Dan. Í bréfi tryggingafræðingsins segir svo um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu:

„Í ágúst 1962 gerði ég nokkra útreikninga varðandi ofangreint mál. Þeir voru við það miðaðir að reyna að finna verðmæti raunverulegs vinnutekjutaps Jóns Dan af ofangreindu slysi. Var þar byggt á þeirri forsendu, að þar sem hann hefur aftur tekið við störfum ríkisféhirðis, mundi raunverulegt vinnutekjutap hans vera það, sem hann missti af föstum launum, og allar tekjur af yfirvinnu og aukastörfum. Vísast um þetta til bréfs míns frá 30. ágúst 1962. Frá því sá útreikningur var gerður, hefur orðið 7% launahækkun hjá opinberum starfsmönnum, og ætti verðmæti vinnutekjutaps vegna yfirvinnu og aukastarfa að hækka af þeim sökum úr kr. 261.177.00 í kr. 277.023.00.

Það vinnutekjutap, sem þarna er reiknað út, svarar til 20% skerðingar á vinnutekjum. Nú hafði prófessor Snorri Hallgrímsson metið örorku Jóns 30%, sbr. örorkumat, dagsett 29. júní 1962. Þetta mat hefur prófessor Snorri staðfest með bréfi, dagsettu 25. febrúar 1963, eftir að hafa sent Jón til sérstakrar rannsóknar hjá Kjartani R. Guðmundssyni, sérfræðingi í taugasjúkdómum.

Af framangreindu er ljóst, að með því að gegna störfum ríkisféhirðis vinnur Jón Dan meira starf en svarar til þeirrar starfsorku, sem talið er, að hann hafi. Það má ætla, að það kosti hann mun meira erfiði en það mundi kosta fullhraustan mann að gegna þessu starfi. Enn getur það ekki heldur talizt öruggt, að hann geti gegnt ríkisféhirðisstarfinu til frambúðar.

Með bréfi, dagsettu 4. þ. m., hafið þér óskað eftir, að ég reyndi að reikna út, hvaða fébætur væru hæfilegar fyrir erfiði það og áhættu, sem um getur í næstu málsgrein hér á undan. Því miður eru ekki tölur á að reikna þetta beinlínis út. En nokkra stoð hygg ég, að megi hafa af eftirfarandi athugunum.

Ef svo hefði farið, að Jón Dan hefði ekki tekið upp sitt fyrra starf, mundi vinnutekjutap hans hafa verið reiknað þannig: Fyrst hefðu vinnutekjur verið áætlaðar með því að bæta við laun ríkisféhirðis áætluðum tekjum af yfirvinnu og aukastörfum. Síðan hefði vinnutekjutap verið áætlað með því að taka á hverjum tíma jafn marga hundraðshluta af áætluðum vinnutekjum, eins og örorkan er metin. Þessar áætlanir fara hér á eftir.

Tímabil	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1/10 1960—30/9 1961 ..	kr. 117.026.00	kr. 90.565.00
1/10 1961—30/9 1962 ..	— 133.575.00	— 57.237.00
Síðan árlega	— 143.255.00	— 42.977.00

Ef notaður er sami reikningsgrundvöllur og í fyrra útreikningi mínum, er verðmæti þessa áætlaða vinnutekjutaps kr. 520.700.00 miðað við slysdag. Auk venjulegs frádráttar vegna skattfrelsis skaðabóta fyrir örorku kæmu hér til frádráttar þau laun, sem Jón fékk greidd fyrir þann tíma, sem hann vann ekki. En samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins voru það full laun í 6 mánuði og hálf laun í 3¼ mánuð, eða 58.663.00 kr. Eftir eru þá 462.037.00 kr. Þeirri upphæð má skipta í tvennt. Annars vegar er verðmæti þess vinnutekjutaps, sem telja má nokkuð öruggt, en það eru framangreindar kr. 277.023.00 vegna tapaðrar yfirvinnu og auka-starfa og töpuð föst laun kr. 12.635.00, eða samtals kr. 289.653.00. Þá eru eftir kr. 172.379.00, sem eftir er að lækka vegna skattfrádráttar um sama hundraðshluta eins og bæturnar fyrir það vinnutekjutap, sem telst öruggt. Sú tala, sem þá kemur fram, er væntanlega hærri en það, sem talizt gætu sanngjarnar bætur fyrir það, sem Jón Dan er það erfiðara en fullhraustum manni að gegna starfi ríkisféhirðis og fyrir það vinnutekjutap, sem hann yrði fyrir, ef hann yrði að hætta því og taka upp annað léttara og lægra launað starf“.

Með bréfi, dags. hinn 29. marz 1963, krafði lögmaður stefnenda nú Samvinnutryggingar um bætur til handa stefnandanum Jóni Dan. Var krafan sundurliðuð þannig: örorkutjón, kr. 462.037.00, útlagður kostnaður, kr. 12.667.00, og bætur fyrir óþægindi, þjáningar og lýti, kr. 100.000.00, samtals kr. 575.704.00. Frá þessari fjárhæð skyldi draga það, sem þegar hafði verið greitt upp í tjónið, en við bætast 8% ársvextir af eftirstöðvum frá slysdegi til greiðsludags auk innheimtulauna af allri fjárhæðinni. Hinn 23. apríl 1963 greiddu Samvinnutryggingar kr. 402.692.00 sem bætur til stefnenda. Í kvittun þeirri, sem lögmaður stefnenda gaf fyrir greiðslunni, er nánari grein gerð fyrir henni þannig: „Atvinnutjón, þjáningabætur, vextir, kostnaður við innheimtu o. fl.“. Samkvæmt því, sem fram kemur í kvittuninni, hafði félagið áður greitt kr. 97.308.00 upp í slysabætur og tjón á bifreiðinni R 4189. Samkvæmt því námu heildargreiðslur Samvinnutrygginga til

stefnenda samtals kr. 500.000.00, þar með taldir vextir og innheimtulaun.

Hinn 14. október 1963 samdi Þórir Bergsson tryggingafræðingur örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Jón Dan með hliðsjón af hækkunum þeim, sem höfðu orðið á launum opinberra starfsmanna samkvæmt dómi Kjaradóms hinn 4. júlí 1963. Eins og fram kemur í bréfi tryggingafræðingsins, er útreikningurinn byggður á útreikningi K. G. Guðmundssonar tryggingafræðings frá 30. ágúst 1962 og 25. marz 1963. Í bréfinu segir að öðru leyti svo um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu:

„Þann 1. júlí s.l. hækkuðu föst árslaun ríkisféhirðis úr kr. 116.904.00 í kr. 182.880.00, en Jón Dan mun hafa tekið við starfi ríkisféhirðis í ársbyrjun 1959. Árslaun hans hækka síðan aftur eftir 10 ára starsferil í kr. 192.840.00.

Guðmundur reiknaði vinnutekjur vegna yfirvinnu sérstaklega og eins aukavinnu, og námu þær um 20% af heildarvinnutekjum. Hann gerði ráð fyrir, að tekjur þessar hækkuðu á sama hátt og laun ríkisstarfsmanna. Á hækkun þá, er átti sér stað í vor, verður að líta sem leiðréttingu á misræmi í launum. Jafnframt henni má og gera ráð fyrir, að frekar dragi úr yfirvinnu og aukastörfum hjá ríkisstarfsmönnum. Ég mun því ekki gera ráð fyrir meiri hækkun vegna yfirvinnu og aukastarfa en nemur almennri hækkun á launum í júní s.l., þ. e. 7½%.

Verðmæti vinnutekjutaps vegna yfirvinnu og aukastarfa hækka þá úr kr. 277.023.00 í kr. 293.343.00.

Ef vinnutekjutapið er áætlað sami hundraðshluti af áætluðum heildarvinnutekjum og örorkan er metin, fæst eftirfarandi tafla:

Tímabil	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið . . .	kr. 117.026.00	kr. 90.565.00
2. árið eftir slysið . . .	— 133.575.00	— 57.237.00
3. árið eftir slysið . . .	— 160.241.00	— 48.072.00
4.—8. árin eftir slysið . .	— 211.197.00	— 63.359.00
9. árið eftir slysið . . .	— 218.667.00	— 65.600.00
Síðan árlega	— 221.157.00	— 66.347.00

Verðmæti vinnutekjutapsins á slysdegi hækka við þessar breytingar úr kr. 520.700.00 í kr. 703.533.00.

Eins og Guðmundur segir í síðari útreikningi sínum, eru auk lækkunar vegna opinberra gjalda eftir að draga frá launagreiðslur

til Jóns þann tíma, er hann vann ekki, en þær námu kr. 58.663.00. Eftir eru kr. 644.870.00, sem skiptast í tvennt. Annars vegar verðmæti vinnutekjutaps vegna yfirvinnu og aukastarfa — kr. 293.343.00 — og töpuð laun kr. 12.635.00.

Það, sem eftir er, hefur þá hækkað úr kr. 172.379.00 í kr. 338.892.00.

Notaður hefur verið sami reiknigrundvöllur og í útreikningum Guðmundar Guðmundssonar“.

Með bréfi, dags. hinn 2. marz 1964, krafði lögmaður stefnenda nú stefnda í máli þessu sem eiganda bifreiðarinnar R 3718 um bætur fyrir tjón stefnenda af völdum slyssins. Kvað hann tjónið nema hærri fjárhæð en greiðsla Samvinnutrygginga g. t. nam. Sundurliðaði lögmaðurinn tjónið þannig:

Tjón á bifreiðinni R 4189	kr. 18.500.00
Tjón vegna meiðsla Halldóru Elíasdóttur	— 90.662.00
Tjón vegna meiðsla Jóns Dan Jónssonar	— 769.937.00

Samkvæmt því var heildartjónið talið nema kr. 879.109.00 auk vaxta og innheimtulauna.

Í kröfubréfi þessu sundurliðaði lögmaðurinn einnig greiðslu þá, sem Samvinnutryggingar g. t. höfðu innt af hendi, þannig: 7% vextir af kr. 402.692.00 frá 1. október 1960 til 23.

apríl 1963	kr. 72.292.00
Greitt vegna innheimtu og lögfræðilegrar aðstoðar	
miðað við inngreiðslu á höfuðstól	— 23.000.00
Greitt inn á höfuðstól	— 404.780.00

(sic) Kr. 500.000.00

Samkvæmt því krafði lögmaðurinn stefnda um kr. 474.401.00 (879.109.00 ÷ 404.780.00) auk 7% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. október 1960 til greiðsludags og innheimtulauna af kr. 474.401.00. Ekki var fallizt á kröfu þessa af hálfu stefnda. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

Kröfur stefnenda í máli þessu eru byggðar á því, að stefndi beri sem skráður eigandi bifreiðarinnar R 3718 ábyrgð á öllu tjóni stefnenda af völdum slyss þess, er þau urðu fyrir hinn 1. október 1960, samkvæmt ákvæðum 69. gr. og 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að þótt stefndi

sé eigandi bifreiðarinnar R 3718, þá beri hann ekki fébótaábyrgð á tjóni stefnenda af völdum slyssins. Ökumaður bifreiðarinnar hafi að vísu verið starfsmaður stefnda á þeim tíma, er slysið varð, en hann hafi verið að nota bifreiðina utan vinnutíma til eigin þarfa í algeru heimildarleysi. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 69. gr. umferðarlaga beri stefndi því ekki fébótaábyrgð á tjóni stefnenda af völdum slyssins. Þá er því haldið fram, að þótt svo verði talið, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni stefnenda, þá hafi stefnendur þegar fengið tjónið bætt að fullu með greiðslu þeirri, sem Samvinnutryggingar g. t. inntu af hendi, enda hafi þá legið fyrir útreikningur á tjóni stefnenda. Kröfur þær, sem þá lágu fyrir, hafi verið endanlegar á þeim tíma og geti síðari verðlagsbreytingar ekki valdið því, að stefnendur eigi frekari kröfur á hendur stefnda af þessum sökum.

Samkvæmt dómi sakadóms Reykjavíkur í máli því, sem höfðað var á hendur ökumanni bifreiðarinnar R 3718, skýrði hann svo frá þar fyrir dómi, að hann hefði kvöldið fyrir slysið neytt áfengis og allt fram til kl. 0100 eða 0200 um nóttina. Hann hefði því verið fremur „rykaður“, er hann mætti til starfs síns um kl. 0800 morguninn eftir, en starf hans var akstur vörubifreiðarinnar R 3718. Um kl. 1000 um morguninn kvaðst hann hafa farið að dreypa á portvinsflösku, sem hann átti, og hafi hann lokið við flöskuna einsamall einhvern tíma um hádegisbilið. Kvaðst hann hafa neytt áfengis, er hlé varð á akstri bifreiðarinnar. Auk portvinsins kvaðst ökumaðurinn hafa drukkið einn erlendan bjór um kl. 1100 þennan sama morgun. Kvaðst ökumaðurinn hafa komið undir áfengisáhrif af vındrykkju þessari og hafi hann verið undir áhrifum áfengis, er slysið varð um kl. 1500. Hér fyrir dómi skýrði ökumaðurinn svo frá, að utan vinnutíma hafi bifreiðin verið geymd heima hjá honum. Kvaðst hann hafa sótt nokkra af starfsmönnum fyrirtækisins á morgnana og ekið þeim í vinnuna og ekið þeim heim á kvöldin. Kveðst ekki muna eftir að hafa fengið fyrirmæli um það frá fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins að biðja um leyfi, ef hann ætlaði að nota bifreiðina í einkaerindum. Hann telur, að það hafi ekki komið fyrir, að hann bæði um leyfi til að nota bifreiðina í sérstökum einkaerindum. Kveðst hann hafa farið smáferðir í bifreiðinni utan vinnutíma til einkaparfa án þess að biðja um leyfi, t. d. farið í kvikmyndahús á kvöldin. Gunnar kveðst ekki í annað skipti en er slysið varð hafa tekið bifreiðina traustataki og farið út fyrir borgarmörkin og kveðst aldrei hafa beðið um leyfi til slíks. Gunnar hefur skýrt svo frá

störfum sínum um morguninn, áður en slysið varð, að hann hafi ekið vörum fyrir fyrirtækið að sendibílastöðinni við Borgartún, og einnig kveðst hann hafa sótt vörur fyrir fyrirtækið í vörugeymslu Eimskipafélagsins. Á þessum tíma kveður Gunnar hafa verið unnið hjá fyrirtækinu fram að hádegi á laugardögum. Kveðst hann þennan dag hafa farið upp að Silungapólí eftir vinnutíma.

Í málinu eru fram komnar yfirlýsingar Sigurðar Helgasonar, framkvæmdastjóra stefnda, Hjörleifs Jónssonar, fulltrúa stefnda, og Guðmundar Guðmundssonar, verkstjóra stefnda, um það, að Gunnar Bergmann Axelsson hafi verið ökumaður bifreiðarinnar R 3718 og að það hafi verið föst venja, að Gunnar færi með bifreiðina heim til sín eftir vinnutíma og æki þá um leið heim starfsmönnum fyrirtækisins og er hann hafi komið í bifreiðinni til vinnu á morgnana, hafi hann sótt starfsmennina til vinnu. Einnig kemur fram í yfirlýsingum þessum, að ef Gunnar hafi þurft að nota bifreiðina utan vinnutíma, hafi hann beðið um leyfi til þess, en slíkt leyfi hafi ekki verið gefið dag þann, er slysið varð.

Það er aðalábyrgðarregla umferðarlaga nr. 26/1958, að skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins, skráningarskylds ökutækis sé skyldur að bæta með fé tjón á mönnum eða munum, er hlýzt af ökutækinu í notkun, enda þótt slysið verði eigi rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns, sbr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. greindra laga. Samkvæmt ákvæði 2. mgr. 69. gr. laganna færast fébótaskyldan yfir á þann, sem ökutækið notar í algeru heimildarleysi. Það kemur fram í greinargerð með frumvarpi til laga þessara, að tilgangurinn með setningu ákvæða þessara hafi verið sá, að skráður eða skráningarskyldur eigandi beri alltaf ábyrgðina gagnvart þriðja manni, nema tækinu hafi verið stolið.

Leggja verður á stefnda sönnunarbyrði um það, að aðstæður hafi verið slíkar, að hann sem eigandi bifreiðarinnar R 3718 beri ekki fébótaábyrgð á tjóni stefnenda af völdum umrædds slyss.

Það er fram komið, að starf Gunnars Bergmanns Axelssonar hafi verið fólgið í því að aka bifreiðinni R 3718 í vinnutíma. Á nóttunni var bifreiðin geymd heima hjá Gunnari, og ók hann starfsmönnum stefnda til og frá vinnu á morgnana og kvöldin. Má því telja, að Gunnar hafi sem starfsmaður stefnda verið vörzlumaður bifreiðarinnar. Það þykja því ekki hafa verið færðar að því sönnur, að umráð Gunnars yfir bifreiðinni, er slysið varð,

hafi verið slík, að það leysi stefnda undan fébótaábyrgð á tjóni stefnenda af völdum slyssins. Að því er varðar þá sýknuástæðu, að stefnendur hafi þegar fengið tjón sitt að fullu bætt með greiðslu þeirri, sem Samvinnutryggingar inntu af hendi, þá kemur það berlega fram af kvittun þeirri, sem gefin var fyrir greiðslunni, að þótt fallið hafi verið frá frekari kröfum á hendur félaginu, þá hafi stefnendur ekki talið tjónið með þessu endanlega og að fullu bætt og að þau hafa hvorki beint né óbeint fallið frá þeim rétti að beina frekari kröfum gegn stefnda. Verður heldur eigi séð, að neitt fullnaðaruppgjör hafi farið fram á kröfum stefnenda, er greiðsla félagsins var innt af hendi.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður sýknukrafa stefnda, byggð á þessum ástæðum, ekki tekin til greina. Því hefur eigi verið mótmælt af hálfu stefnda, að ökumaður bifreiðarinnar R 3718 eigi einn sök á umræddu slysi. Verður því lögð á stefnda óskoruð fébótaábyrgð á tjóni stefnenda af völdum slyssins.

Verður nú afstaða tekin til einstakra liða í dómkröfum stefnenda, en þær eru sundurliðaðar þannig:

1. Tjón Halldóru Elíasdóttur.

a. Örorkubætur	kr. 38.262.00
b. Bætur fyrir þjáningu og lýti	— 100.000.00

Kr. 138.262.00

Þessa fjárhæð hefur stefnandinn lækkað um 10% vegna skattfrelsis og annars frádráttar, og nemur krafa Halldóru kr. 124.436.00.

2. Tjón Jóns Dan Jónssonar.

a. Örorkutjón	kr. 813.049.00
b. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 350.000.00

Kr. 1.163.049.00

Þessa fjárhæð hefur stefnandinn lækkað um 10% vegna skattfrelsis og annars frádráttar, og nemur krafa Jóns

Dan	kr. 1.046.745.00
3. Útlagður kostnaður	— 10.572.60
4. Lögfræðileg aðstoð við mót	— 10.000.00
5. Tjón á bifreiðinni R 4189	— 18.500.00

(sic) Kr. 1.210.253.60

Frá þessari fjárhæð hafa stefnendur dregið fjárhæð þá, sem þau kveða Samvinnutryggingar g. t. hafa greitt upp í tjón þeirra kr. 404.780.00

Kr. 805.473.60

Um 1. a. Hér að framan hefur verið lýst meiðslum þeim, sem stefnandinn Halldóra hlaut af völdum slyssins, rakið mat á örorku hennar af þeim sökum svo og örorkutjónsútreikningar Guðjóns Hansens. Að því athuguðu, sem fram er komið um grundvöll kröfuliðar þessa, þykja bætur samkvæmt honum hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00, og er þá tekið tillit til verðlagsbreytinga, sem orðið hafa, svo og til þess, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

b. Að framan hefur sjúkrasaga stefnandans Halldóru verið rakinn og lýst áverkum þeim, sem hún hlaut af völdum slyssins. Það verður að telja ljóst, að Halldóra hafi orðið fyrir verulegum meiðslum við slysið, þótt eigi sé fram komið, að hún hafi hlotið varanlega örorku af þess völdum. Eftir atvikum þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 75.000.00.

Um 2. a. Hér að framan hefur verið rakið mat Snorra Hallgrímssonar prófessors á örorku stefnandans Jóns Dan Jónssonar af völdum umrædds slyss. Einnig hafa verið raktir örorkutjónsútreikningar K. G. Guðmundssonar tryggingafræðings fyrir stefnandann Jón Dan. Hinn 27. október 1965 samdi Þórir Bergsson tryggingafræðingur örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Jón Dan. Samkvæmt útreikningi þessum nam áætlað heildarverðmæti tapaðra vinnutekna kr. 871.712.00. Er við útreikning þennan tekið tillit til launahækkana, vaxtalækkunar og nýrra upplýsinga um dánarlíkur, frá því að síðasti útreikningur var gerður. Ekki voru við útreikning þennan dregnar frá launagreiðslur til Jóns Dan þann tíma, sem hann vann ekki, er námu kr. 58.663.00, og ekki gerður frádráttur vegna skattfrelsis. Við útreikninginn var byggt á 6% ársvöxtum, dánarlíkum íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu. Hinn 27. júní s.l. samdi Þórir Bergsson nýjan örorkutjónsútreikning fyrir stefnandann Jón Dan. Kemur þar fram, að frá því að síðasti útreikningur var gerður, hafi orðið nokkrar hækkanir á kaupi og auk þess sé nú reiknað með 7% ársvöxtum. Að öðru leyti segir svo um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu í bréfi tryggingafræðingsins:

„... Fastatekjum er enn breytt samkvæmt breytingum á kjörum ríkisstarfsmanna, en tekjur fyrir yfirvinnu og aukastörf eru umreiknaðar samkvæmt breytingum á taxta fyrir almenna verkamannsvinnu.

Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap verður:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 117.026.00	kr. 90.565.00
2. árið eftir slysið	— 133.575.00	— 57.237.00
3. árið eftir slysið	— 160.241.00	— 48.072.00
4. árið eftir slysið	— 214.790.00	— 64.437.00
5. árið eftir slysið	— 235.972.00	— 70.792.00
6. árið eftir slysið	— 276.261.00	— 82.878.00
7. og 8. árið eftir slysið ..	— 286.640.00	— 85.992.00
9. árið eftir slysið	— 289.747.00	— 86.924.00
Síðan árlega	— 299.787.00	— 89.936.00

Verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi reiknast mér nema kr. 873.261.00.

Auk lækkunar vegna opinberra gjalda er eftir að draga frá launagreiðslur þann tíma, sem hann vann ekki, en þær námu kr. 58.663.00. Eftir eru kr. 814.598.00, sem skiptast í tvennt. Annars vegar verðmæti vinnutekjutaps vegna yfirvinnu og aukastarfa, kr. 389.399.00, og töpuð föst laun, kr. 12.635.00.

Eftir verða þá kr. 412.564.00.

Við útreikninginn eru notaðir 7% vextir p. a., dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu“.

Kröfugerð stefnandans Jóns Dan Jónssonar samkvæmt þessum lið er byggð á tjónsútreikningi Þóris Bergssonar.

Af hálfu stefnda hefur fjárhæð þessa kröfuliðar verið mót-mælt sem of hárr. Er á það bent, að svo virðist sem stefnandinn hafi ekki getað sinnt starfi sínu sem ríkisféhirðir í 9 ¼ mánuð eftir slysið, en hann hafi haldið óskertum launum í sex mánuði og hálfum launum í 3 ¼ mánuð. Hann hafi síðan gegnt starfi sínu sem ríkisféhirðir og eigi verði annað séð en svo verði áfram. Er því haldið fram, að örorkutjónsútreikningar þeir, sem aflað hefur verið, verði eigi lagðir til grundvallar í málinu, þar sem þar sé á því byggt, að stefnandi missi af föstum launum sínum og af aukatekjum þeim, sem hann hefur haft. Þar sem stefnandi hafi nú tekið við starfi sínu að nýju, beri aðeins að bæta honum

þann missi fastra tekna, sem hann raunverulega hafi orðið fyrir, á meðan hann var frá vinnu, en að því er varðar missi auka-tekna, þá sé með öllu óupplýst, að stefnandi verði fyrir nokkru tjóni af þeim sökum. Er því haldið fram, að þótt höfð yrði hliðs- sjón af eldri örorkutjónsútreikningi K. G. Guðmundssonar um áætlað verðmæti tapaðra aukavinnutekna, þá beri að lækka þá fjárhæð verulega auk lækkunar þeirrar, sem gera beri vegna skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu. Þá er því og haldið fram, að skoða beri útreikning K. G. Guðmundssonar frá 25. marz 1963 endanlegan með tilliti til síðari hækkana á launum, þar sem tjón stefnandans hafi verið gert upp um einum mánuði síðar og hafi stefnandinn með því fengið tjón sitt að fullu bætt. Að því er varðar síðastgreint atriði, þá verður að líta svo á, eins og áður er rakið, að er greiðsla Samvinnutrygginga var innt af hendi, hafi ekki farið fram endanlegt uppgjör á kröfum aðilja málsins og verði nú, eins og málið liggur fyrir og samkvæmt eðli tjóns þess, sem hér er fjallað um, að taka tillit til verðlags- breytinga, sem orðið hafa.

Er og á það að líta í þessu sambandi, að með lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna höfðu verið gerðar rót- tækar breytingar á réttarstöðu opinberra starfsmanna. Með dómi Kjaradóms varð síðan breyting á kjörum opinberra starfsmanna, og meðal annars hækkuðu laun stefnanda Jóns Dan verulega. Mál þetta hafði Kjaradómur fengið til meðferðar hinn 24. apríl 1963, eftir að fyrirtöku málsins hafði verið frestað, en áður hafði verið unnið að lausn málsins með samningaumleitunum. Samkvæmt þessu verður útreikningur K. G. Guðmundssonar frá 25. marz 1963 ekki lagður óbreyttur til grundvallar við úrlausn málsins.

Það er ljóst, að þótt stefnandinn Jón Dan Jónsson hafi tekið við starfi sínu sem ríkisféhirðir að nýju, hefur hann hlotið veru- lega örorku af völdum slyssins, sem skert hefur starfsgetu hans og aflahæfi. Á hann rétt á bótum af þeim sökum. Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 350.000.00. Er þá og tekið tillit til þess, að stefnandi hélt að miklu leyti föstum launum sínum, á meðan hann var frá vinnu vegna slyssins, til verðlagsbreytinga, sem orðið hafa, svo og til þess, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

b. Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnandans verið rakin og lýst varanlegum áverkum af völdum slyssins. Hefur dómariinn

skoðað ytri merki um áverka þessa. Að þessu athuguð þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 150.000.00.

Um 3. Kröfuliður þessi hefur ekki sætt andmælum, að undanskildum kostnaði við útreikninga Þóris Bergssonar tryggingafræðings. Þegar höfð er hliðsjón af kostnaði við síðasta útreikning tryggingafræðingsins, þá þykir mega taka þennan kröfulið til greina að fullu.

Um 4. Af hálfu stefnda hefur kröfulið þessum verið mótmælt. Er því haldið fram, að kostnaður þessi sé innifalinn í málskostnaði, sem dæmdur kunni að verða. Ekki þykja efni til að taka kröfulið þennan til greina. Verður stefndi sýknaður af honum.

Um 5. Af hálfu stefnda hefur þessi kröfuliður ekki sætt andmælum, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Samkvæmt þessu nemur tjón stefnenda kr. 639.072.60 (35.000.00 + 75.000.00 + 350.000.00 + 150.000.00 + 10.572.60 + 18.500.00).

Þótt stefnedur hafi hvort fyrir sig sett fram bótakröfu sína á hendur Samvinnutryggingum, innti félagið greiðslu sína af hendi í einu lagi án nokkurrar sundurliðunar, sem þó hefði verið rétt að gera með hliðsjón af ákvæði 1. mgr. 75. gr. umferðarlaga. Verður því á því að byggja og dæma stefnda til að greiða stefnendum í einu lagi tjón þeirra, eins og það hefur verið metið hér að framan, að frádreginni greiðslu þeirri, sem haldið er fram, að innt hafi verið af hendi upp í höfuðstól bótakröfu stefnenda samkvæmt sundurliðun lögmanns stefnenda, þ. e. kr. 639.072.60 ÷ 404.780.00, eða kr. 234.292.60, en þessari sundurliðun hefur út af fyrir sig ekki verið mótmælt. Verður stefnda gert að greiða 7% ársvexti af þessari fjárhæð frá 1. október 1960 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnendum málskostnað, sem ákveðst kr. 33.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Verzlanasambandið h/f, greiði stefnendum, Halldóru Elíasdóttur og Jóni Dan Jónssyni, kr. 234.292.60 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1960 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 33.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.